

ESB og byggðamál

Háskólinn á Akureyri, föstudaginn 28. mars 2003.

Byggðastefna ríkisins vs. byggðastefna ESB
Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Fundarstjóri, góðir ráðstefnugestir.

Inngangur.

Þegar ég fékk boð um að taka til máls á þessari ráðstefnu kom upp í hugann hvort ég verði þá ekki eins og margir sem taka þátt í umræðu um ESB, bókstafstrúaður, annað hvort með eða á móti.

Það hefur verið mjög áhugavert að skoða þær reglur sem eru í gildi innan ESB og fara yfir hvernig framtíðin er líkleg til að verða vegna mikillar stækkunar þess á næsta ári. Aðgangur að upplýsingum um ESB er mjög góður en lesefnið er óendanlegt og í raun ómögulegt að fræðast nema um afmarkaðan hluta sambandsins. Þetta er ekki einfalt mál.

Þá er einnig fróðlegt að gera tilraun til að ná heildarsýn yfir málin hér á landi, upplýsingar eru víða til staðar en mættu vera aðgengilegri að mínu mati. Það er ekkert einfalt mál heldur að fræðast um þær reglur sem eru í gildi hér á landi, hvað þá sjóði, stofnanir og fyrirtæki sem eiga með einhverjum hætti að vinna að byggðamálum.

Ég hafði orð á þessu við einn starfsmann ráðuneytis þegar ég var að leita að upplýsingum. Hann taldi þetta firru hina mestu. Þessar upplýsingar væru allar til staðar ég þyrfti bara að leita á þessari síðu, fá þessa og hina skýrsluna, hringja í hina og þessa stofnunina og þá fyndi ég þetta. Afstaða hans minnti mig á sögu af ferðamanni sem kom í þorp eitt hér á landi og kvartaði við heimamann undan því að merkingar væru ófullnægjandi. Heimamaður sagði óþarfi að merkja frekar. Við vitum hvar allt er sagði hann.

Samanburður Ísland – ESB.

Samanburður á byggðastefnu íslenska ríkisins og byggðastefnu ESB sýnir manni að stefnurnar eru nokkuð ólíkar. Annars vegar okkar byggðastefna sem virðist byggja meira á lánveitingum og svo byggðastefnu ESB sem miðast meira við átaksverkefni, nýsköpun, beina styrki og uppbyggingu grunngerðar. Hugmyndafræðin á bak við byggðastefnu hér á landi er aðeins farin að breytast eða svo sýnist manni við samanburð. Byggðastefnan í orði hefur eitthvað sveigst að þeirri hugmyndafræði sem nýtt er í Evrópu. Hvernig þetta verður í framkvæmd er mjög erfitt að sjá því eitt helsta tæki stjórnvalda í byggðamálum, Byggðastofnun, hefur verið hálfölluð undanfarin ár. Hún þótti orðin mjög pólitískt meðvituð og því var breytt. Það kann að vera ágætt en hlutirnir gerast of hægt þegar mörg erfið mál eru í gangi í byggðum landsins.

Ég er sannfærður um að móta þarf stefnuna til lengri tíma heldur en gert er. Það er stuttur tími sem byggðaáætlun gildir eða frá 2002-2005. Í næstu byggðaáætlun verður hugsanlega skipt aftur um hugmyndafræði eða hluta hennar þannig að tíminn á milli þess sem byggðaáætlanir eru samþykktar fer í að byggja upp í samræmi við það, endurhæfa starfsfólk og stofnanir. Allir hafa nóg að gera sem vinna í kerfinu en þeir sem þurfa á þjónustu þess að halda standa utan við, bíða eftir einhverju sem þeir vita varla hvað er og alls ekki hvað verður.

Hér á landi erum við komin vel á veg með okkar grunngerð þó ákveðin landssvæði eigi töluvert eftir ennþá. Framlög til vegamála hafa aukist verulega á undanförunum árum enda þörfin mikil. Vegakerfið spannar eina 13.000 km. hér á landi þar af 5.200 km. sem eru aðalvegakerfið eða grunnnetið. Af þessum 5.200 km. eru 144 km. á höfuðborgarsvæðinu. Þó grunngerð innan sveitarfélaga sé mjög víða í góðu lagi, þ.e. hafnir, vatnsveitur, skólar, leikskólar, íþróttastaða eða í stuttu máli flest það sem fólk og fyrirtæki sækjast eftir, þá hefur atvinnulífið látið mjög undan á landsbyggðinni. Þar hafa breytingar í sjávarútvegi haft töluvert að segja, sérstaklega í einstökum byggðarlögum vegna tilflutnings á aflaheimildum en í heildina mest vegna þess að við erum einungis að veiða brot af því sem við veiddum hér á árum áður 170.000 tonn af þorski á ári í stað 400.000 tonna sem dæmi. Breytingar í sjávarútvegi eru ekki eina ástæðan heldur vantar líka nýjar atvinnugreinar inn í byggðarlögin, fjölbreytni í atvinnu og þjónustu. Gott svar við þessu er uppbygging fárra en sterkra byggðakjarna í landshlutunum.

Byggðastefna á Íslandi.

Orðið byggðaðpróun hef ég ekki séð skilgreint en í samþykktri byggðaaáætlun segir m.a. þetta: „*Byggðin, atvinnulífið og náttúra eru ekki andstæður heldur samverkandi þættir. Lögð er áhersla á að opinberar aðgerðir sem ætlað er að efla atvinnulíf og að treysta byggð í landinu stuðli jafnframt að sjálfbærri þróun samfélagsins.*”

Hugtakið byggðastefna felur þannig væntanlega í sér að það sé skipuleg viðleitni stjórnvalda til að hafa áhrif á þróun byggðar.

Byggðastefna á að vera liður í því almenna hlutverki hins opinbera að skipuleggja samfélagið og hafa áhrif á þróun þess til heilla fyrir borgarana.

Í byggðaaáætlun kemur fram að stjórnvöld hér á landi hafi beitt aðgerðum í nafni byggðastefnu alveg frá árinu 1934. Byggðastofnun var komið á fót 1985 sem arftaka Framkvæmdastofnunar ríkisins frá 1972.

Eftir stutta yfirferð um misvel merktar slóðir íslenskrar byggðastefnu finnst mér best að skipta henni upp í tvennt: Litlu og stóru byggðastefnuna.

Litla byggðastefnan væri þá starfsemi Byggðastofnunar, Nýsköpunarmiðstöðvar á Akureyri, Nýsköpunarsjóðs atvinnulífisins, eignarhaldsfélaga um fjárfestingar í sprotafyrirtækjum, framtakssjóða, átaks til atvinnusköpunar í iðnaðarráðuneytinu og atvinnuþróunarfélaga á landsbyggðinni. Þessum stofnunum er ætlað að stuðla að nýsköpun, nýjum atvinnutækifærum og að hlúa að því sem fyrir er.

Takmarkað fjármagn er til þessara verkefna og því þarf að mínu mati að endurskilgreina þau svæði sem þurfa á svæðisþróun og byggðaaáætlunum að halda á Íslandi slík skilgreining þarf að vera þrengri og taka á þeirri staðreynd að nauðsynlegt er að endurskilgreina hugtakið höfuðborgarsvæði. Áhrifasvæði þess nær mjög líklega austur fyrir Selfoss og norður fyrir Akranes.

Stóra byggðastefnan er þá fólgin í byggingu samgöngumannvirkja um allt land, stuðningi við landbúnað, nýlegri ákvörðun um uppbyggingu fyrir austan, staðsetningu háskóla á Akureyri og vilja til að vinna þar að frekari verkefnum á vegum ríkisins og uppbyggingu höfuðborgarsvæðisins en þar eru flest opinber störf enda höfuðborgin miðstöð stjórnsýslu. Af öllu þessu sem nefnt er hefur uppbygging höfuðborgarsvæðisins tekist best.

Til hliðar við litlu og stóru byggðastefnuna eru Ferðamálasjóður, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður landbúnaðarins og slíkir sjóðir sem tengjast ákveðinni atvinnugrein beint og vinna inn á öll svæði ekki bara landsbyggðina enda leitun að apparati í byggðamálum sem gerir það.

Þetta er ekki tæmandi upptalning. Ég sannfærðist um að áhugavert og í raun nauðsynlegt er að taka saman hversu mikið af þessu fjármagni fer í raun til stofnana og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Það er mikið sem fer til stofnana á vegum ríkisins staðsettum á höfuðborgarsvæðinu stofnana sem eiga að vinna að málefnum og þróun á landsbyggðinni.

Núgildandi byggðaáætlun var samþykkt fyrir ári síðan. Þar er margt ágætt, ekki síst tillaga um uppbyggingu byggðakjarna utan höfuðborgarsvæðisins sem var löngu tímabært en þá var það gert svo hressilega að aðeins einn er nefndur, þ.e. Akureyri. Þetta var í raun með ólíkindum því búið var að skila tillögum af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem talað var um 3-4 byggðakjarna. Sem betur fer reddaði meirihluti iðnaðarnefndar áætluninni svolítið með því að bæta við byggðakjörnum á Mið-Austurlandi og Ísafirði.

Loksins er kominn samningur milli ríkisins og atvinnuþróunarfélaganna. Þau voru án samnings í ein 3-4 ár og þann tíma hafa þau þurft að skera niður í rekstri með fækkun starfsmanna til að mæta verðhækkunum. Þau eru einu þróunar- og þekkingartæki ríkisvaldsins á sviði byggðamála í viðkomandi landshluta og þau eru með tvo til þrjá í mesta lagi fjóra starfsmenn. Þetta er ekki í samræmi við þá stefnu að styðja við þróunarstarf og uppbyggingu nýrra fyrirtækja og hugmynda að nýjum fyrirtækjum á landsbyggðinni.

Værum við í ESB er talið að samanlagt framlag til byggðamála gæti numið 3,7 – 4,7 milljörðum á ári. Þar af væri framlag ESB 1,5-2,0 milljarðar. Mótframlag okkar væri þá fólgið í núverandi framlögum til samgöngumála, hafna, vega og jarðganga. Væri framlag til byggðamála af þessari stærðargráðu væri um töliverða hækkun til þróunarstarfsemi á landsbyggðinni að ræða en varla yrði um hækkun að ræða í þeim þætti grunngerðarinnar sem snýr að uppbyggingu samgöngumannvirkja enda hafa staðið yfir miklar framkvæmdir í þeim geira og fyrir dyrum standa enn meiri framkvæmdir.

Byggðastefna ESB.

Áherslur í byggðamálum innan ESB tengjast jafnt þéttbýli sem dreifbýli, nýjum atvinnugreinum sem gömlum, sem og hinum ólíku þjóðfélagshópum. Kjarninn í áherslum á sviði byggðamála innan ESB, eins og víða annars staðar, er að hjálpa svæðum til að „hjálpa sér sjálf“.

Skilgreindar eru þrjár tegundir af svæðum sem falla undir það markmið að geta fengið aðstoð.

Það er ef þjóðarframleiðsla á mann á svæðinu er undir 75% af meðaltali þess sem er í öllum ríkjum ESB.

Það er ef íbúar eru færri en 8 á ferkílómetur. Þetta ákvæði kom inn þegar Austurríki, Finnland og Svíþjóð gengu í ESB. Á þessu byggir byggðakort fyrir Ísland.

Í þriðja lagi eru það svæði sem glíma við efnahagsleg og félagsleg vandamál.

Aðgerðir beinast ekki síst að því að bæta grunngerð viðkomandi svæðis, s.s. hvað varðar samgöngur og sérstaklega á jaðarsvæðum, fjarskipti, fjölbreytni í atvinnulífi og önnur þau atriði sem eru forsenda fyrir skilvirkri markaðsstarfsemi á viðkomandi

svæði. Írland er dæmi um þetta þó að þar komi einnig önnur atriði til sem komu mér á óvart því ég taldi uppganginn þar vera að mestu veru landsins í ESB. Stór ástæða fyrir velgengni Írlands er líka ákvörðun ríkisstjórnarinnar að lækka skatta á fyrirtækjum í 10%. Þó það hafi ekki verið vel séð innan ESB er ekki samræmd skattastefna innan sambandsins (ekki ennþá) og því ekki hægt að breyta þessari ákvörðun. Hins vegar getur Monetary union stjórnað í gegnum hagkerfið með ákvörðun um hagfræðilegar aðgerðir s.s. vexti o.fl. og er talið að það verði gert í ríkari mæli eftir því sem fátækum ríkum innan sambandsins fjölgar.

Byggðapróunarsjóður Evrópu er stærstur þróunarsjóða ESB. Meginhlutverk sjóðsins er að jafna efnahagslega stöðu svæði innan ESB með því að styrkja nýsköpunarverkefni. Sjóðurinn hafði á fimm ára tímabili 1994-1999 6.590 milljarða íslenskra króna til umráða. Sem segir okkur svo sem ekki mikið því í samanburði við Evrópu er Ísland svo lítið að það sést varla í stækkunargleri.

Alltof langt mál yrði að telja upp öll þau verkefni, gerðir eða ákvarðanir ESB, sjóði og tæki sem sambandið hefur til að stuðla að því yfirlýsta markmiði að jafna kjörin í nafni byggðastefnu. Í stuttu máli sagt virðist kerfið vera nokkuð gott, það er auðveldara að átta sig á því en margir halda og það er gegnsætt. Mjög víða hefur það sýnt sig að kerfið virkar og hafa Svíar t.d. lýst því að á árunum 1995-1999 voru lagðir um 400 milljarðar ísl. króna til afmarkaðra svæða í Svíþjóð. Þar af komu 130 milljarðar frá ESB. Svíar telja að þetta átak hafi skapað 28.000 störf og sett hafi verið á fót um 5.000 fyrirtæki.

Svíar telja einnig að sveitarfélögin séu sjálfstæðari síðan Svíþjóð gekk í ESB og þau séu að mörgu leyti minna háð Stokkhólmi.

Umfjöllun um byggðamál innan ESB er í sífellt ríkari mæli komin inn í hagfræðina og viðfangsefni hennar. Þannig er lítið á byggðamál sem eitt af þeim verkefnum sem hagfræðin og stjórnvöld þurfa að takast á við frekar en einhvern bastarð sem fáir vilja kannast við og flestir þvo hendur sínar af.

Áherslur eru á samstarfsverkefni á milli hinna ýmsu aðila, ekki ósvipað því og gerist á sviði rannsóknarverkefna, sem mörg íslensk fyrirtæki hafa tekið þátt í vegna veru okkar í EES.

Þessar áherslur á sviði byggðamála eru ekki einungis innan ESB því OECD hefur hefur aukið rannsóknir, athuganir og ráðgjöf á þessu sviði. Þetta gefur vísbendingu um að byggðamál eru ekki eitthvað sem á að nálgast með neikvæðum hætti heldur eru þau mikilvægur hlekkur í samræmdri og skilvirkri efnahags-, skipulags- og hagþróun einstakra svæða og landa, þar sem alþjóðavæðing og samstarf óháð landamærum skiptir sífellt meira máli.

Hentar byggðastefna ESB á Íslandi?

Ég verð að viðurkenna að byggðastefna ESB kom mér þægilega á óvart, svo mikið að ég tel að við Íslendingar eigum að kynna okkur hana af mikilli kostgæfni. Þekking á henni er að aukast eftir því sem okkar fólki sem vinnur að Evrópumálum fjölgar. Nú þegar er starfsfólk í ráðuneytum sem hefur þekkingu á þessum málum og hefur unnið við þau úti í Brussel. Þetta eigum við að nýta okkur og auka okkar almennu þekkingu þannig. Ef spurningu okkar um hvort við eigum að ganga í ESB eða ekki væri hægt að svara með byggðaðættinum eins og hann lítur út núna myndi ég segja að við ættum að athuga það eins og skot.

Það er hins vegar erfitt að ætla að taka einn afmarkaðan þátt út úr ESB eins og t.d. ef byggðastefnan er góð en ekki önnur atriði hjá ESB. Því vil ég nefna tvö atriði sem mér finnst þess eðlis að við þurfum að athuga þau miklu betur áður en við íhugum aðildarviðræður við ESB. Það er annars vegar sú staðreynd að ríkjum ESB mun á næsta ári fjölga um 10 eða úr 15 í 25. Hin nýju ríki munu að mestu falla undir markmiðið um að ef þjóðarframleiðsla á mann á svæðinu er undir 75% af meðaltali þess sem er í öllum ríkjum ESB. Miðað við núverandi reglur taka þessi ríki til sín um 50% af þeim fjármunum sem nú er varið til byggðapróunar í ESB. Heildarpotturinn myndi hins vegar lítið stækka við inngöngu þessara ríkja og mest allt fjármagn til landbúnaðarmála verður að renna til þeirra. Við þessar aðstæður er ólíklegt að mikið ef nokkuð fjármagn kæmi til Íslands.

Hitt atriðið er sjávarútvegsstefna ESB. Byggðamál og sjávarútvegsstefna eru samofin, því stefna ESB er sú núna að byggja á hugmyndum um hlutfallslegan stöðugleika og úthlutun til þjóða á þeim forsendum. Opinber stefna framkvæmdastjórnarinnar er að afnema slíkt því ekki sé það heilbriggt út frá efnahagslegum forsendum, þ.e. stefnan er að hagræða í þessum geira. Sem yrði mun meiri hagræðing en við höfum séð til þessa í kvótakerfinu á Íslandi.

Lagagrunnur sjávarútvegsstefnunar er í Rómarsáttmálanum, 38. gr. og 39. gr. og er alveg ótvíræður.

Í Maastricht-sáttmálanum, frá 1992, er lagagrunnur sjávarútvegsstefnunar styrktur með 3. gr. (e), þar sem segir að aðildarríki sammingsins skuli hafa sameiginlega stefnu í sjávarútvegi.

Rétt um 1% af heildarfjárlögum ESB fara til rekstur sjávarútvegsstefnunnar. Heildarfjárlög ESB nema um 1.1% af þjóðarframleiðslu aðildarríkjanna, þannig að sameiginlegu sjávarútvegsstefnunni eru ætluð um 0.011% af þjóðarframleiðslu ríkjanna.

Mikilvægi sjávarútvegs í ESB er þó meira en efnahagstölur gefa til kynna. Helsta ástæðan er sú að sjávarútvegur skiptir gríðarlega miklu máli á einstökum svæðum innan ESB, rétt eins og á Íslandi. Afkoma fólks á þessum svæðum snertir alla innan ESB.

Mestur hluti styrkja til sjávarútvegs fer til að styrkja sérstök uppbyggingar- og nýsköpunarverkefni á þeim svæðum sem eiga undir högg að sækja efnahagslega vegna samdráttar í fiskveiðum og vinnslu og nokkur hluti fer til afskriftar og endurnýjunar á fiskiflotanum.

Gengjum við í ESB yrðu ákvarðanir um hversu mikið við veiðum verða ekki teknar lengur hér á landi. Þó við fengjum aðlögunartíma vegna sérstöðu okkar sem fiskveiðipjóðar kæmi að því að aðrar og fátækari þjóðir innan ESB fengju meiri aðgang að okkar miðum.

Það vakti athygli mína hversu lítið er fjallað um sjávarútveg í gögnum um ESB ástæðan er eflaust sú að fiskveiðar eru meðhöndlaðar innan ESB sem jaðaratvinnuvegur sem er rekinn með styrkjum. Hjá okkur er þetta undirstaðan undir hagkerfinu. 60% af vöruútflutningi.

Niðurstaða Hagræðistofnunar Háskóla Íslands í úttekt fyrir forsætisráðherra annars vegar og Deloitte & Touche utanríkisráðherra hins vegar komust að svipaðri niðurstöðu um hver framlög okkar yrðu til ESB. Niðurstaðan var sú í báðum tilfellum að greiðslujöfnuður yrði okkur óhagstæður sem næmi um 4 milljörðum gengi Ísland í

ESB. Töluverður munur var á heildarfjárhæðum eftir skýrslum en þetta stendur þó eftir. Verulegur halli á greiðslujöfnuði.

Það er ekkert endilega skrifræðið eða flókið kerfi ESB sem fælist frá. Það er ekkert endilega sú staðreynd að verið sé að fjalla um töluverðan hluta af okkar eigin málum af öðrum en okkar fulltrúum. Við erum að venjast því vegna veru okkar í EES ásamt því að vera í alls konar öðru alþjóðlegu samstarfi. Nei það er fjárhagslega ástæðan sem þarna skiptir máli. Við höfum einfaldlega miklu frekar efni á því að halda úti myndarlegri byggðastefnu heldur en þær Evrópuþjóðir sem eftir næsta ár munu mynda ESB. 10 ríki eru á leiðinni inn og 3 bíða á þröskuldinum. Þetta mun gjörbreyta stöðu ESB næstu árin því nú þarf að einbeita sér að grunngerð og uppbyggingu hennar í þessum ríkjum.

Auðvitað verður skorið niður þegar þess þarf hjá ríkari þjóðum Evrópu sem halda þessu kerfi uppi.

Landsbyggðin og höfuðborgarsvæðið.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um landsbyggð og höfuðborgina eða höfuðborgarsvæðið. Ég geri lítinn greinarmun á þessu tvennu því svæðið er eitt atvinnu og þjónustusvæði. Í raun er það stærra að mínu mati en skilgreining þess segir í dag. Ég kom að því fyrir í þessu erindi.

Það er mitt álit að landsbyggðin þurfi á sterkri höfuðborg að halda og að höfuðborgin þurfi á landsbyggðinni að halda því þarna eru baklönd hvors annars. Þess vegna tel ég forsvarsmenn höfuðborgarinnar og landsbyggðar eigi að hefja samstarf um gagnkvæman skilning á högum hvors annars.

Í aðalskipulagi Reykjavíkur fyrir 2001-2024 er minnst á landsbyggðina í samhengi við málefni Reykjavíkur. Þetta þykir mér vera til marks um áhuga höfuðborgarinnar á því að sameiginlegur skilningur ríki milli landsbyggðar og höfuðborgar. Því las ég þennan kafla skipulagsins af athygli.

Þar stendur meðal annars að höfuðborgin þurfi á því að halda að nokkrir staðir á landsbyggðinni geti verið lífvænlegir og að landsbyggðin þurfi á öflugri höfuðborg að halda. Mér fannst töluverður munur á orðavali þarna og velti fyrir mér hvers vegna höfuðborgin þurfi ekki á öflugri landsbyggð að halda. Svo mikið pirraði þetta orðaval mig að ég fletti orðunum upp í orðabók.

Þannig kom í ljós að lífvænlegur stendur fyrir eitthvað sem virðist munu lifa, hefur von um líf eða verður læknað. Hins vegar stendur öflugur fyrir máttugur, völdugur, sterkur

Ég er nokkuð viss um að þessi orð eru ekki valin í aðalskipulagið til að gefa það í skyn sem ég er að gera hér. Samt finnst mér þetta einmitt lýsa hugsunarhættinum ágætlega. Á tyllidögum er ágætt að tala um nauðsyn þess að höfuðborgin og landsbyggðin eigi samleið. Á bak við það er í raun ekkert meira en þessi orð og stundum tekst ekki betur til en í ofangreindu dæmi við að velja þau.

Stundum heyrir frá forsvarsmönnum Reykjavíkur að þar sé vilji til samstarfs við landsbyggðina um uppbyggingu hennar því það séu sameiginlegir hagsmunir. Ég velti oft fyrir mér hvað sé á bak við þetta því hina dagana er verið að gagnrýna hugmyndir um flutning opinberra starfa því það er lítið annað en hugmyndir, opinberum störfum fjölgar á höfuðborgarsvæðinu en fækkar eða þau standa í stað á landsbyggðinni. Sífellt er talað um misvægi atkvæða, að byggðastefna snúist bara um landsbyggðina

en engin áhersla sé á höfuðborgarsvæðið, framtíðin sé fólgin í borgarsamfélagi og borgarstefnu. Svo langt gengur þetta að borgarstjóri stígur af stóli sínum til að fara á Alþingi og gæta þar hagsmuna höfuðborgarinnar betur en gert hefur verið og svo langt gengur þetta að búið er að flytja nógu marga þingmenn til höfuðborgarsvæðisins svo það hefur meirihluta á þingi. Sem er allt í lagi, landsbyggðin hefur ekki haft roð í höfuðborgarsvæðið þrátt fyrir hlutfallslega fleiri þingmenn. Mín vegna mættu þeir allir vera þingmenn Reykjavíkur ef landsbyggðin fengi í staðinn þann kraft og uppbyggingu sem þar er.

Ég man ekki eftir því að íbúar höfuðborgarsvæðisins séu spurðir um byggðamál. Mín tilfinning er sú að ef þeir væru spurðir myndu þeir styðja mun umfangsmeiri og öflugri aðgerðir í byggðamálum en forsvarsmenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og þingmenn þar eru tilbúnir til að styðja. Þess vegna væri hagkvæmast að láta íbúa höfuðborgarsvæðisins velja byggðaaðgerðir í kosningum þegar þeir velja þingmenn fyrir landið.

Kannski á það við okkur sem Íslendinga gagnvart Evvrópu og landsbyggðina gagnvart Reykjavík að við séum gestir í samkvæmi þjóðanna og höfuðborganna eins og Þráinn Bertelsson komst að orði í einhverjum pistla sinna. Gestir þar sem húsbændurnir eru stórbjóðirnar og höfuðborgirnar, þær eru aðalsfólkið og sitja við sérstakt borð, tala saman og taka ákvarðanir. Smáþjóðirnar og landsbyggðin sitja svo á þurfamannabekk í sérstöku afherbergi eins og afdalabúar frá 19. öld sem urðu heyllausir í vetrarbyrjun af því að stórhöfðingjarnir höfðu heimsótt þá um sumarið og látið gæðingana ganga í túninu hjá þeim. Okkur er séð fyrir einhverjum góðgerðum í samkvæminu en það er ekki ætlast til þess að við höfum okkur í frammí.

Lokaorð.

Góðir ráðstefnugestir.

Í þessu yfirliti mínu var gerð tilraun til að átta sig á því hvernig byggðamál væru á Íslandi og í ESB. Mér þótti ekki ástæða til að telja upp alla sjóði eða styrkjaaðferðir í ESB enda ekki tími til þess. Eins og þið hafið heyrt finnst mér ýmislegt áhugavert og um leið athugavert við báðar stefnurnar.

Það er sama hversu góða stefnu við höfum ef henni er ekki fylgt eftir af fullum þunga. Ég nefndi nokkur jákvæð dæmi um byggðaðpróun á Íslandi. Það eru hins vegar mörg neikvæð dæmi til og án efa eru þau líka til innan ESB. Það verður að vera forgangsverkefni í byggðamálum að einbeita sér næst að stærstum hluta hins nýja Norðvesturkjördæmis. Þar þarf að leggja áherslu á byggðamálin með því að ganga til liðs við heimamenn um uppbyggingu á þeim forsendum sem taldar eru raunhæfar en muni skila arði til lengri tíma litið. Þetta hefur verið gert innan ESB í byggðamálum við miklu verr stödd svæði og árangur hefur verið eftirtektarverður. Við erum ríkari en þær 15 þjóðir sem nú eru í ESB hvað þá þegar þær verða orðnar 25. Því er ekki eftir neinu að bíða heldur hefjast handa um úrræðagóðar og myndarlegar aðgerðir í byggðamálum á Íslandi, á forsendum okkar sjálfra þó aðferðirnar getum við nýtt okkur frá þeim sem hafa náð árangri m.a. ESB.

Í upphafi þessa erindis velti ég því fyrir mér hvort ég yrði bókstafstrúaður, annað hvort með eða á móti inngöngu Íslands í ESB eins og svo margir sem kynna sér þessi mál og taka afstöðu. Það er ekki eðlilegt né hagstætt fyrir okkur sem þjóð að afneita ESB. Við þurfum að fylgjast með þróuninni þar og meta það á hverjum tíma hvort

ástæða sé til að taka þátt í því ferli sem þar á sér stað. Bókstafstrú með eða á móti hjálpar engum, síst þjóðinni sjálfri. Ég tel rétt að bíða átekta meðan sú þróun sem framundan er með stækkun ESB á sér stað. Það er mín afstaða núna.

Öflug byggðastefna er þessari þjóð nauðsyn. Í þeim málum er verið að stíga jákvæð skref. Þau eru of fá að mínu mati. Úr því þarf að bæta.

Við verðum að hafa í huga að byggðapróun snýst ekki endilega um þá sem búa núna á landsbyggðinni heldur um Íslendinga alla því með glötuðum byggðum glatast menning, verkþekking og auðlegð sem Íslendingar munu aldrei geta metið til fjár.